



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

FÉLA2AF05

Félagsfræði

Kennarar	Björgvin G. Sigurðsson bjorgvin.g.sigurdsson@fsu.is Eyrún B. Magnúsdóttir eyrun@fsu.is Lárus Ágúst Bragason larus@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Lögð er áhersla á að kynna nemendum félagsfræði og önnur félagsvísindi sem fræðigreinar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á þá og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélagið. Lögð er áhersla á að nemendur skilji umhverfi sitt og verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu og mynda sér skoðun á meðvitaðan og gagnrýninn hátt.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar sem tengjast námsefninu, t.d. kenningum og félagsfræðilegu sjónarhorni.
- helstu aðferðum félagsfræðinnar við rannsóknir.
- tengdum greinum eins og mannfræði, sálfræði, sagnfræði, þjóðfélagsfræði og stjórnmálafræði.
- þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans, til dæmis: fjölskyldan, trúarbrögð, efnahagskerfið, stjórnkerfi, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar.
- hvernig hann getur haft áhrif á félagslegar stofnanir.
- hvað félagsmótun er og dæmi um hvernig hún virkar.
- réttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginu.
- hugtakinu félagsleg sjálfbærni.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt.
- afla fjölbreyttra gagna.
- vinnu með gögn og skila frá sér á skýrslum og verkefnum á vel uppsettu formi, t.d. í Word.
- vinna sjálfstætt og gagnrýnið með efni áfangans.
- lesa og skilja umfjöllun um félagsfræðileg málefni.
- nýta samfélagsmiðla á ábyrgan hátt.
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra.
- geta tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg málefni.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun.
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær.
- nota „Netið“ til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni.
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál.
- geta sett sig í spor annarra.
- beita félagsfræðilegri sýn á samfélagið.
- vinna verkefni í Word og skila af sér með rétt uppsettum hætti, þ.e. með blaðsíðutali, efnisyfirliti og heimildaskrá.

Námsefni: Félagsfræði – Ég, við og hin eftir Hrafnkel Tuma Kolbeinsson [Félagsfræði - Ég við og hin - Vefbækur \(vefbok.is\)](#) Leiðbeiningar til að kaupa bókina: <https://youtu.be/DicEvgZFRxI>

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
15. jan	- Námsáætlun áfangans kynnt - Undirbúningur fyrir jafningjakennslu	
15.-24.jan	- Hópverkefni – upphaf og þróun félagsfræðinnar - Skoðanakönnun.	
27 jan.- 7.feb	- Félagsmótun (K3) - Æviskeiðin og fjölskyldan (K 4 og 5) - Kennsluhópur 1	jafningjakennsla verkefni Krossapróf
10.feb-21.feb	- Kynlegi kaflinn og hinsegin heimur (6, 7) - Stafræn bylting (15) - Kennsluhópur 2	jafningjakennsla verkefni Krossapróf
24 feb-7. mars	- Samfélög og umhverfið - Trúarbrögð (14) - Kennsluhópur 3	jafningjakennsla verkefni krossapróf
10. mars-28.mars	- Samfélög (8) - Kynþættir og fordómar (10) - Innflytjendur og flóttafólk (11) - Kennsluhópur 4	jafningjakennsla verkefni Krossapróf
31.mars-11. apríl	- Umhverfið og samfélagið (9) - Lagskipting og ójöfnuður (12) - Líkami og heilsa (13) - Kennsluhópur 5	jafningjakennsla verkefni Krossapróf
22. apríl – 9. maí	- Menning (2) - Menntun og vinnumarkaður (16) - Stjórnsmál (17) - Kennsluhópur 6	jafningjakennsla verkefni Krossapróf
12.-14. maí skrap.	Skrápvika	Klára verkefni ef þarf

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni	Verkefni og krossapróf yfir önnina (17% í v1, v2 og spil)	65%
Jafningjakennsla	Hópar sjá um 2 kennsluvikur	25%
Ástundun og ábyrgð	Virkni, áhugi, skil og ábyrgð á eigin námi	10%
Samtals		100%

Sérreglur áfangans:

- a. Ekki er ætlast til að snjalltæki séu notuð til afþreyinga og **bannað er að taka upp hljóð og mynd í stofunni** nema með leyfi. Ef snjalltæki eru notuð öðruvísi en með samþykki kennara getur það þýtt F fyrir kennslustundina.
- b. Gert er ráð fyrir að nemandi skili öllum verkefnum. Skil, virkni og mæting er hluti af lokaeinkunn. Nemendur verða að ná að lágmarki 4,5 að meðaltali í lotu/kaflaprófum. Verkefnaskil geta aðeins bæst ofan á þá einkunn. Sein skil á verkefnum lækka einkunn.
- c. Þau sem eiga rétt á samning eða eru með einhvers konar samþykkt frávík frá mætingu verða samt að bera ábyrgð á eigin námi í samræmi við kröfur áfangans.
- d. Kennari má ekki gefa leyfi í tíma. Einungis er í boði að fá D ef að tíminn framundan er hugsaður sem verkefnavinna og nemandi hefur þegar skilað því verkefni.
- e. Gervigreind: Nemendur skulu tala við kennara ef þeir ætla að nýta gervigreind í verkefnavinnu. Skýrar heimildir eru hjá háskólum um notkun gervigreindar og félagsvísindadeildin styðst við þær sem ramma.
 - i. Í fyrsta lagi þarf að vísa í gervigreindina sem heimild, alveg sama hversu lítið verkefnið er. Ef hún er notuð þarf að vísa í hana.
 - ii. Það þarf að fylgja með skjáskot af bæði spurningunni/skipuninni sem gervigreindin fékk, svarinu sem nemandi fékk og svo í framhaldi textann sem nemandi vann upp úr svarinu.
 - iii. Kennari áskilur sér rétt til að óska eftir munnlegri skýringu frá nemanda ef notkun gervigreindar stenst ekki þessi viðmið, nemandi þarf að geta sýnt fram á samtalið við gervigreindina sé þess óskað. Ef það er ekki hægt þegar þess er óskað þá hefur kennari rétt á að gefa 0 fyrir tiltekin skil.
 - iv. Kennari áskilur sér líka rétt til að draga niður fyrir verkefnaskil þar sem grunur er á notkun gervigreindar en ekki farið eftir þessum viðmiðum.

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Björgvin G. Sigurðsson, Eyrún B. Magnúsdóttir, Lárus Á. Bragason – FSu 14.01.2025.